



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 22. febrúar 2022
Tilvísun 2202119/13.0

Umsögn vegna 332. mál um vernd og orkunýtingu landsvæða

Sveitarfélagið Fjarðabyggð telur mjög brýnt að lokið verði nú þegar við afgreiðslu á 3.áfanga rammaáætlunar eins og þingsályktun ráðherra ber með sér. Enda hefur töfin á þeirri afgreiðslu nú þegar haft mikil áhrif á framgang vinnu við 4.áfanga rammaáætlunar þar sem þeirri verkefnastjórn er ekki heimilt að fjalla um kosti í biðflokki, þar sem 3.áfangi hefur ekki hlotið afgreiðslu Alþingis. Þá er það umhugsunarefni hversu mörgum kostum hefur verið raðað í verndarflokk sem hugsanlega ættu frekar heima í biðflokki.

Þá er það ljóst með orkuskipti framtíðarinnar í huga að mikilvægt er að hafa skýra umgjörð um virkjunarkosti til að afla til þeirra græna orku og leggur Fjarðabyggð sérstaka áherslu á það. Ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem nú þegar er uppi með orkuskort sem hefur mikil áhrif á atvinnulíf í sveitarfélaginu sem á landinu öllu.

Þá vill Fjarðabyggð vekja athygli á því að engin virkjunarkostur á Austurlandi er nú í nýtingarflokki sem er afar slæmt í ljósi nauðsynjar þess að raforkuframleiðsla sé til staðar sem víðast um landið.

Valgeir Ægir Ingólfsson
Atvinnu- og þróunarstjóri

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Valgeir Ægir Ingólfsson

Kennitala: 3110665799

Tími: 28.02.2022 19:13

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með  OneSign